



FÉLAG ELDRI BORGARA
Á AKUREYRI

Akureyri, 13. desember 2022.

Bæjarráð Akureyrarbæjar.

Afrit: Bæjarstjóri, forstöðumaður tómstundamála og forstöðumaður skrifstofu fræðslu- og lýðheilsusviðs.

Efni: Ósk um uppgjör vegna greiðslna félagsins við starfsmannahald og breytingu á samningi milli Akureyrarbæjar og Félags eldri borgara á Akureyri.

Frá 1. júní 2018 til 28. febrúar 2021 annaðist EBAK starfsmannahaldið í Birtu gegn framlagi frá bænum, samkvæmt samningi. Framlagið dugði ekki fyrir greiðslum. Greinargerð um stöðuna fylgir með sem viðhengi.

Á síðustu árum hefur Félagseldri borgara fengið greiðslur fyrir leigu á salnum í félagsmiðstöðinni Birtu, Bugðusíðu 1. Við erum hætt að leigja salinn um helgar, einkum sökum þess að vinnan við það hefur reynst ansi mikil og að miklu leyti lent á einum félagi, í sjálfböðavinnu, eins og gjarnan vill verða.

Áður en félagið tók við starfsmannahaldi í Birtu fékk það árlegan styrk frá Akureyrarbæ.

1. janúar 2009 tók gildi samningur milli aðila sem kvað á um 700.000 kr. styrk það ár og var hann tryggður samkvæmt launavísitölu þann dag sem var 355,7. Miðað við þann samning og launavísitölu 1. október sl., 867,4 ætti styrkurinn að nema kr. 1.707.000 fyrir árið 2023. Rétt er að geta þess að árið 2009 var félagafjöldinn um 930, en í dag nálgast hann 2.300 féлага. Álag á stjórn, einkum formann og gjaldkera, hefur aukist verulega við þessa fjölgun.

Undanfarin ár hefur skrifstofa félagsins eingöngu verið opin í 45 mínútur á viku, en ljóst er að auka þarf opnunina og er nauðsynlegt að greiða fyrir þá aukningu. Fyrirkomulag greiðslna verður ákveðið á aðalfundi félagsins í lok marsmánaðar 2023.

Til að geta veitt félögum ásættanlega þjónustu er óhjákvæmilegt að fara fram á tveggja milljón króna rekstrarstyrk fyrir árið 2023, vegna aukins vinnuframlags. Af ofangreindum ástæðum þarf að endurskoða núverandi samning milli aðila, sem gildir til 31. desember nk. Uppkast að nýjum samningi fylgir með sem viðhengi.

Máli okkar til stuðnings fylgir stuttur samanburður við þrjú félög eldri borgara, en mjög misjafnt er hvernig stuðningi við þau er háttað og eins er verkaskipting milli féлага og sveitarféлага mjög misjöfn.

Við vonum innilega að Akureyrarbær sjái sér fært að verða við þessum málaleitunum svo það farsæla samstarf sem hefur verið geti haldið áfram á sömu braut.

Með fyrirfram þökkum.

F.h. Félags eldri borgara á Akureyri.

Hallgrímur Gíslason,
formaður.